

REGLUGERÐ

um eingreiðslur til elli- og örorkulífeyrisþega árið 1999.

1. gr.

Á fjárhæð tekjutryggingar skv. 17. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar og fjárhæðir heimilisuppbótar og sérstakrar heimilisuppbótar skv. 9. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð skal greiða uppbót sem hér segir á árinu 1999:

- a) Í júlí 1999 skal greiða 20% uppbót á þessar fjárhæðir vegna orlofsuppbótar.
- b) Í desember 1999 skal greiða 30% uppbót á þessar fjárhæðir vegna desemberuppbótar.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 65. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, sbr. 13. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 10. júní 1999.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Jón Sæmundur Sigurjónsson.

10. júní 1999

Nr. 426

REGLUGERÐ

um vinnu barna og unglinga.

I. KAFLI

Hugtök og gildissvið.

1. gr.

Hugtök.

Reglugerð þessi tekur til vinnu einstaklinga undir 18 ára aldri.

Ungmenni merkir í reglugerð þessari einstakling undir 18 ára aldri.

Barn merkir í reglugerð þessari einstakling undir 15 ára aldri eða sem er í skyldunámi.

Unglingur merkir í reglugerð þessari einstakling sem hefur náð 15 ára aldri en er undir 18 ára aldri og er ekki lengur í skyldunámi.

2. gr.

Gildissvið.

Reglugerðin tekur ekki til heimilisaðstoðar á einkaheimili atvinnurekanda eða vinnu í fjölskyldufyrirtækjum, enda sé vinnan tilfallandi eða vari í skamman tíma og ekki skaðleg eða hættuleg ungmenninu.

Fjölskyldufyrirtæki telst í þessu tilviki vera fyrirtæki sem er í eigu einstaklinga eða einstaklings sem er skyldur eða mægður ungmenni í beinan legg eða annan legg til hliðar eða tengdur því með sama hætti vegna ættleiðingar.

3. gr.

Lágmarksákvæði.

Strangari ákvæði í öðrum lögum, reglum eða reglugerðum um vinnu ungmenna ganga framar ákvæðum þessarar reglugerðar svo sem hærri aldursmörk vegna ákveðinnar tegundar vinnu.